

Kópavogur 4. janúar 2022

Staðlað mat á stuðningsþörfum fatlaðra barna

Texti á einföldu máli

Ráð-gjafar- og greiningar-stöð gerir Staðlað mat á umfangi stuðnings-þarfa barna (Supports Intensity Scale Children's Version, SIS-C), fyrir sveitar-félög og Jöfnunar-sjóð sveitar-félaga. SIS-mat. Matið er fyrir fötluð börn á Íslandi.

Mats-kerfið metur hvaða aðstoð fötluð börn þurfa til að lifa hefð-bundnu lífi og til að geta tekið fullan þátt í samfélaginu.

Mats-kerfið er fyrir 5–18 ára börn, það metur stuðnings-þarfir fatlaðs barns og borið saman við fötluð og ófötluð börn.

Sér-fræðingur í SIS-mats-kerfi sem hefur reynslu af að vinna með fötluðum börnum og fjöl-skyldum þeirra, kemur og leggur það fyrir með við-tali við for-eldra og starfs-menn.

Matið er lagt fyrir þar sem barnið er, t.d. í skólanum eða á skrifstofu hjá sveitar-félaginu.


Sér-fræðingur í SIS-mats-kerfi hittir for-eldra eða for-ráða-mann ásamt fag-lærðu starfs-fólki sem þekkir barnið vel og hefur unnið með því.

Mikil-vægt er að starfs-fólk þekki barnið og hafi unnið með barninu í skólanum í 3 mánuði.

Viðtal við foreldra og fag-fólk getur tekið 2 klukku-stundir. Sér-fræðingur í SIS-matskerfi þarf að hitta barnið og fylgjast með í skólanum eða þar sem hentar best.

Starfs-maður sveitar-félags sér um að skipu-leggja og undirbúa. Hann hefur samband við foreldra og fær sam-þykki þeirra.

Upp-lýsingar eru geymdar hjá Ráð-gjafar- og greiningar-stöð. Niður-stöður eru sendar til Jöfnunar-sjóðs sveitar-félaga og notaðar til að fjár-magna þjónustu sveitar-félaga vegna sér-þarfa fatlaðra barna
Ítar-legar niður-stöður eru sendar til starfs-manns sveitar-félagsins.



Guðný Stefánsdóttir

Þroskaþjálfari MA og sviðsstjóri
Mat á stuðningsþörf